





Halli á vöru- og þjónustuviðskiptum breytist í afgang

Útflutningur vöru og þjónustu nam 356,2 mö.kr. á þriðja ársfjórðungi og jókst um 108 ma.kr., eða 43,5%, miðað við sama tímabil í fyrra. Innflutningur vöru og þjónustu nam 343,3 mö.kr. og jókst einnig verulega eða um 82,9 ma.kr., eða 31,9%. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 12,9 mö.kr. en 12,2 ma.kr. halli mældist á sama tímabili í fyrra. Jákvæður viðsnúningur nam því 25 mö.kr. milli ára.

Þetta er fyrsti afgangurinn af vöru- og þjónustuviðskiptum á þriðja fjórðungi eftir að faraldurinn hófst. Viðsnúningurinn skýrist að miklu leyti af auknum útflutningi á þjónustu sem jókst um 70 ma.kr. eða 74% en aukningin er einkum tilkomin af vexti í ferðaþjónustu. Aukinn vöruútflutningur hafði einnig jákvæð áhrif á vöru- og þjónustujöfnuð gagnvart útlöndum. Vöruútflutningur jókst um 38,2 ma.kr. eða 25%, en aukning í bæði innflutningi vara og þjónustu vó á móti. Þannig jókst verðmæti vöruinnflutnings um 53,5 ma.kr. eða 29% og þjónustuinnflutnings um 29,4 ma.kr. eða 39,5%. Allar breytingar í inn- og útflutningi á fjórðungnum, bornar saman við sama fjórðung í fyrra, litast af breytingu í gengi krónunnar en gengisvísitala krónunnar var 7% sterkari á fjórðungnum en á sama fjórðungi í fyrra.

Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu ríflega þrefaldaðist milli ára

Aukinn útflutningur þjónustu má að langmestu leyti rekja til ferðaþjónustu. Aukning þjónustuútflutnings á þriðja fjórðungi nam rúmum 70 mö.kr. en útflutningur ferðaþjónustu jókst um ívið hærri tölu eða 74,1 ma.kr. Útflutningur annarrar þjónustu dróst því lítillega saman. Útflutningur ferðaþjónustu nam 107 mö.kr. borið saman við 32,8 ma.kr. í fyrra og jókst því um 226% milli ára. Aukningin skýrist fyrst og fremst af fjölgun ferðamanna en þeim fjölgaði um 210% milli ára. Meðalneysla ferðamanna jókst einnig nokkuð milli ára. Brottfarir erlendra ferðamanna voru 370 þúsund á þriðja fjórðungi borið saman við 119 þúsund á sama tímabili í fyrra.





Þjónustuinflutningur jókst um 41%

Verðmæti innfluttrar þjónustu nam 103,8 ma.kr. á þriðja fjórðungi borið saman við 73,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur því 30,1 ma.kr., eða 41%. Þessi aukning skýrist að töluverðu leyti af auknum ferðalögum Íslendinga en innflutningur vegna ferðalaga og farþegaflutninga, þ.e. kaup Íslendinga á þjónustu erlendra flugfélaga, nam 32,8 mö.kr. á þriðja fjórðungi. Á sama fjórðungi í fyrra nam þessi upphæð 16,9 mö.kr. og jókst því um 15,9 ma.kr., eða 94%, milli ára. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu tæplega 80,5 þúsund á þriðja fjórðungi borið saman við 26,1 þúsund á sama tímabili í fyrra. Fjöldinn rúmlega þrefaldaðist milli ára.

Mikil aukning í útflutningsverðmæti áls


Vöruútflutningur nam 192 mö.kr. og jókst um 39 ma.kr., eða 25%. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til aukins útflutningsverðmætis áls. Útflutningur áls nam 79,4 ma.kr. á fjórðungnum borið saman við 49,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur 30,1 ma.kr. eða 61%. Álverð var að meðaltali 2.648 Bandaríkjadalir á tonnið á þriðja ársfjórðungi borið saman við 1.707 dali á sama tímabili í fyrra. Verðhækkunin nam því 55% og skýrir langmest af aukningu útflutningsverðmætis milli ára. Útflutningur áls í tonnum talið jókst um 8% milli ára.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 64,8 mö.kr. og lækkaði um 4,1 ma.kr. eða 5,9% frá sama tímabili í fyrra. Útflutningsverðmæti þorsks dróst saman um 2,1 ma.kr. eða 6,5% en útflutningur í tonnum talið minnkaði um 7% milli ára. Útflutningsverðmæti á nokkrum uppsjávartegundum dróst einnig saman. Þannig lækkaði útflutningsverðmæti síldar, kolmunna og makrils um samtals 6,4 ma.kr. eða 43%. Þann samdrátt má að mestu leyti rekja til samdráttar í útfluttu magni.


Vöruinnflutningur jókst um 29%

Alls voru fluttar inn vörur að verðmæti 240 mö.kr. á fjórðungnum sem er aukning um 53,5 ma.kr., eða 29%. Innflutningur jókst á öllum sviðum. Þannig mældist aukning í innfluttum flutningatækjum, neysluvörum, fjárfestingarvörum, eldsneyti, hrá- og rekstrarvörum og mat og drykkjarvörum. Mestu áhrifin til aukins innflutnings voru í innflutningi


Breyting í útflutningi ferðþjónustu



Breyting í vöruútflutningi og framlag undirliða



Breyting í vöruinnflutningi og framlag undirliða






flutningatækja og fjárfestingarvara án flutningatækja en þessir liður jukust samanlagt um 30 ma.kr. Fluttir voru inn fólksbílar að verðmæti 14,7 ma.kr. sem er um 5,4 ma.kr. eða 60% aukning milli ára. Innflutningur eldsneytis jókst um 11 ma.kr. eða 85% en það má skýra að nokkru leyti með aukinni flugumferð vegna meiri ferðalaga Íslendinga og útlendinga. Þannig jókst innflutningur á þotueldsneyti um 3,7 ma.kr. eða 370%.

Meiri halli á vöru- og þjónustuviðskiptum

Á fyrstu þremur fjórðungum ársins mældist 50,1 ma.kr. halli á vöru- og þjónustuviðskiptum gagnvart útlöndum. Það er ívið meiri halli en á sama tímabili í fyrra þegar hann nam 36,1 mö.kr. Heildarútflytningur frá landinu var 867 ma.kr. sem er 136 mö.kr. meira en á sama tímabili í fyrra eða 18,6%. Heildarinnflutningur til landsins nam 917 mö.kr. sem er 154,5 mö.kr. eða 20,2% meiri en í fyrra.



Breyting frá sama tímabili árið áður miðað við fyrstu þrjú fjórðunga hvers árs

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðieild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

